

✉ Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu

Búið til	28.10.2020 12:15:27
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	28.10.2020 12:15:27
Tilheyrir	📁 202009-0030 - Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu

Efni

Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	28.10.2020 12:15:27	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	haraldur.sigurdsson@reykjavik.is

Innihald

Tilvísun í málsnr. 202009-0030 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Reykjavíkurborg, dags. 16. september sl., þar sem tilkynnt er um auglýsingu um aðalskipulagsbreytingu um Nýja Skerjafjörð og hagsmunaaðilum gefinn kostur á senda inn ábendingar og athugasemdir.

Náttúrufræðistofnun hefur komið að þessu máli á ýmsum stigum þess og nú síðast vegna tillögu að matsáætlun vegna landfyllingar í Skerjafirði, en sá hluti skipulagsins varðar hvað mest hlutverk stofnunarinnar. Meðfylgjandi er því umsögn Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar um matsáætlun fyrir landfyllingu í Skerjafirði dags. 2. október sl. Einnig eru meðfylgjandi tvær umsagnir Náttúrufræðistofnunar um sama mál frá 22. janúar sl. og 22. júní sl.

Með auglýsingu um framangreinda tillögu að aðalskipulagsbreytingu fylgir umsögn Skipulagsstofnunar um hana, dags. 31. ágúst sl. Þar, í kafla um landfyllinguna, er m.a. minnt sérstaklega á verndargildi Skerjafjarðar og að „Alþingi samþykkti árið 2004 að stefnt skuli að friðlýsingu fjöru og grunnsævis við Skerjafjörð og hefur Náttúrufræðistofnun áréttað þær hugmyndir í nýjum tillögum stofnunarinnar um að B-hluta Náttúruinjasrár. Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hafa allar í umsögnum sínum til Reykjavíkurborgar undirstrikað verndargildi fjörunnar.“ Jafnframt segir í umsögn Skipulagsstofnunar: „Þá mælir stofnunin með að ekki verði gegnið frá endanlegri samþykkt aðalskipulagsbreytingarinnar og útfærslu deiliskipulags sem varða fjöruna, fyrr en framangreindu umhverfismati er lokið.“ Náttúrufræðistofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar um að ekki verði gengið frá samþykkt aðal- eða deiliskipulags fyrir fjöruna fyrr en mati á umhverfisáhrifum er lokið enda væri

annað ekki í samræmi við tilgang matsins. Náttúrufræðistofnun vill ítreka verndargildi Skerjafjarðar. Og þó hér sé um lítinn hluta af strandlengjunni að ræða þá er enn og aftur minnt á, með hliðsjón af samlegðaráhrifum, að að búið er að skerða mikinn hluta fjörusvæða á höfuðborgarsvæðinu þ.m.t. í nágrenni fyrirhugaðrar landfyllingar.

Með vísan í framangreint og meðfylgjandi umsagnir telur Náttúrufræðistofnun að Reykjavíkurborg eigi að finna aðrar lausnir, fyrir skipulag á svæðinu, en þær sem byggja á umræddri landfyllingu.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)



Umsögn Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 2. október sl.:

„**From:** Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is> (<mailto:Trausti.Baldursson@ni.is>)
Sent: 02 October 2020 12:06
To: Tinna Jónsdóttir <tinna@skipulag.is> (<mailto:tinna@skipulag.is>); Egill Þórarinsson <Egill@skipulag.is> (<mailto:Egill@skipulag.is>)
Subject: Landfylling í Nýja Skerjafirði - matsáætlun

Tilvísun í málsnr. 202009-0030 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 14. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir landfyllingu í Skerjafirði, verkefni sem kallað er Nýi Skerjafjörður.

Í matsáætluninni í kafla 3. kemur fram að framkvæmdin eigi að uppfylla m.a. markmið í aðalskipulagi Reykjavíkur um þéttingu byggðar, þróunarsvæði þ5 kallað Nýi Skerjafjörður. Svo virðist vera sem að forsendur fyrir þéttingu byggðar sé umrædd landfylling og aðeins gefinn einn valkostur. Einnig er bent á að þessi valkostur tengist öðrum framkvæmdum þ.m.t. byggingu Landspítalans, þ.e. þörf á að losa sig við efni. Náttúrufræðistofnun verður að benda á að þó eitt markmið í aðalskipulagi sé að þétta byggð þá eru mörg önnur markmið í aðalskipulaginu s.s. að vernda náttúru og stuðla að sjálfbærri þróun í Reykjavík o.s.frv., verða þau markmið ekki rakin frekar hér. Að mati Náttúrufræðistofnunar er það ekki ásættanlegt að landfylling í Skerjafirði sé eini valkosturinn fyrir þéttingu byggðar eða losun á efni. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að vel megi þétta byggð þó ekki sé um leið gengið enn frekar á fjörur og lífríki þeirra í Reykjavík. Ef markmið um þéttingu byggðar, Nýja Skerjafjarðar, er eyðilegging núverandi Skerjafjarðar þá þarf að hugsa skipulagmál á svæðinu og annarsstaðar upp á nýtt. Náttúrufræðistofnun gerir sér fulla grein fyrir því að umrædd landfylling er lítill hluti af Skerjafirði en það hefur í mörg undanfarin ár sífellt verið að bætast við skerðingar á fjörum á Höfuðborgarsvæðinu og því fyllsta ástæða til að skoða aðra möguleika á þéttingu byggðar eða losun á efni. Framangreind framsetning um markið og aðgerðir er allt of mikil einföldun á verkefninu.

Að öðru leiti telur Náttúrufræðistofnun, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í matsáætluninni sé gerð gein fyrir þeim náttúrufarsþáttum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu að undanskilinni jarðfræði svæðisins sem gera þarf grein fyrir.

Meðfylgjandi eru til upplýsingar tvær umsagnir Náttúrufræðistofnunar um sama mál frá 22. janúar sl. og 22. júní sl.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands"

From: "Haraldur Sigurðsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
To: "kjos@kjos.is" <kjos@kjos.is>; "kopavogur@kopavogur.is" <kopavogur@kopavogur.is>; "skipulag@kopavogur.is" <skipulag@kopavogur.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "postur@seltjarnarnes.is" <postur@seltjarnarnes.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; "hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is" <hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "ssh@ssh.is" <ssh@ssh.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "Guðbrandur Benediktsson" <gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; "Anna Lísía Guðmundsdóttir" <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; "veitur@veitur.is" <veitur@veitur.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "SFS" <sfs@reykjavik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Árný Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; "Gréta Mar Jósepsdóttir" <Greta.Mar.Josepsdottir@reykjavik.is>; "Helgi Grímsson" <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <hafogvatn@hafogvatn.is>; "os@os.is" <os@os.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Íbúaráð Vesturbær" <ibuarad.vesturbaer@reykjavik.is>; "ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com" <ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com>; "ingunn.loftsdottir@isavia.is" <ingunn.loftsdottir@isavia.is>; "prydifelagidskjoldur@gmail.com" <prydifelagidskjoldur@gmail.com>; "shs@shs.is" <shs@shs.is>
CC: "Helena Stefánsdóttir" <Helena.Stefansdottir@reykjavik.is>; "Björn Axelsson" <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; "Þuríður Guðmundsdóttir" <Thuridur.Gudmundsdottir@reykjavik.is>
Subject: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu
Date: 16.9.2020 08:35:09

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafin er auglýsing á neðangreindri aðalskipulagsbreytingu:

Nýi Skerjafjörður

Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingartillagan nær til landsvæðis vestan núverandi íbúðarbyggðar í Skerjafirði og varðar meðal annars breytta landnotkun, fjölgun íbúða, breytta legu stíga og breytt umfang fyrirhugaðrar landfyllingar. Deiliskipulag 1. áfanga uppbyggingar á svæðinu er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Tillagan er einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 31. ágúst 2020.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b. Tillöguna má nálgast á reykjavik.is og adalskipulag.is

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 28. október 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)

Deildarstjóri aðalskipulags

Umhverfis- og skipulagssviði

Reykjavíkurborgar

Sent til:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Kópavogsbær

Garðabær

Hafnarfjarðarkaupstaður

Seltjarnarneskaupstaður

Mosfellsbær

Kjósarhreppur

Önnur nágrannasveitarfélög

Umhverfisstofnun

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Minjastofnun Íslands

Vegagerðin

Samgöngustofa

Isavia

Náttúrufræðistofnun

Hafrannsóknarstofnun

Orkustofnun

Veðurstofan

Veitur

Borgarsögusafn

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Skóla- og frístundasvið/ráð

Skóla- og frístundasvið

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Íbúaráð Vesturbæjar

Íbúasamtök Vesturbæjar

Íbúasamtök Skerjafjarðar - Prýðisfélagið Skjöldur

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.

Viðhengi

Brú-yfir-Fossvog-Umsögn-NÍ-dags-22.jan-2020_(1).pdf (44 KB)

image001.gif (2 KB)

NI-umsogn-adalsk-drog-NyiSkerjafjordur-22.06.2020.pdf (924 KB)